

## Umhverfis- og loftslagsþættir

Ég hef endurskoðað útreikninga og yfirlit upplýsingar sem fram koma í umhverfis- og loftslagsköflum ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur (OR) og dótturfélaga fyrir árið 2020. Skýrslan er lögð fram af stjórnendum samstæðunnar og á ábyrgð þeirra. Ábyrgð mín felst í því mati sem ég læt í ljós á gögnum í ofangreindum köflum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðunin er í samræmi við kvaðir reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Hún felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna upplýsingar í skýrslunni. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á útreikningum sem beitt er við mat á stærð og mikilvægi einstakra þátta sem upp eru taldir í skýrslunni.

Ég tel að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til þess að byggja á álit mitt.

Það er álit mitt að umhverfis- og loftslagskaflar ársskýrslu OR 2020 gefi glögga mynd af umhverfisáhrifum rekstursins fyrir árið 2020, í samræmi við góðar og viðteknar venjur í atvinnugreininni.

Reykjavík, 16. febrúar 2021  
VSÓ Ráðgjöf  
Guðjón Jónsson  
efnaverkfræðingur



## Samfélagsþættir og stjórnhættir

Úttektaraðilar Versa vottunar gerðu úttekt á upplýsingum sem falla undir kaflana um Samfélag og Stjórnarhætti í Ársskýrslu OR 2021 til að staðfesta réttmæti þeirra. Úttektin var framkvæmd með hliðsjón af kröfum 66.gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga er varða upplýsingagjöf um ófjárhagslega þætti í rekstri samstæðunnar.

Úttektin fól í sér gagnvera skoðun á upplýsingum og gögnum sem birt eru í ársskýrslunni ásamt samtali við ábyrgðaraðila þeirra málasviða sem upplýsingarnar ná til. Úttektin leiddi í ljós að samræmi er á milli þess sem fjallað er um og þess sem óskað er eftir í UFS leiðbeiningum Nasdaq og ársreikningalögum.

Undirrituð staðfestir að þær upplýsingar sem sannreynðar voru í úttektinni eru réttmætar og settar fram í góðu samræmi við leiðbeiningar Nasdaq.

Reykjavík, 16. febrúar 2021  
Versa vottun ehf.  
Gná Guðjónsdóttir



## Fjárhagur

Fjárhagslegir þættir skýrslunnar eru í samræmi við endurskoðaðan ársreikning samstæðu OR 2020.

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur

Samkvæmt bestu vitneskju forstjóra og stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur (OR) er ársskýrsla OR fyrir árið 2020 í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald, ákvæði ársreikningalaga nr. 3/2006 um ófjárhagslega upplýsingagjöf og leiðbeiningar kauphalla a Norðurlöndum um samþættar ársskýrslur fyrirtækja. Í ársskýrslunni er fjallað um þá þætti í rekstri OR og dótturfélaga, sem hafa áhrif á umhverfi og samfélag og hvernig stjórnhættir eru í starfsemi.

Það er álit stjórnar að tölur og upplýsingar sem tilgreindar eru í ársskýrslu OR og dótturfélaga gefi góða mynd af þróun og árangri hvað varðar umhverfismál, stjórnhætti og samfélagsmál hjá samstæðunni.

Stjórn og forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur staðfesta hér með ársskýrslu fyrir árið 2020.

Reykjavík, 5. mars 2021

---

---

---

# Undirritunarsíða

Sigríður Rut Júlíusdóttir

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eyþór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason